

10. gr.

40

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 500—50000 kr., er renna í ríkissjóð, ef eigi liggur þyngri refsing við að lögum.

Hver sá hlutur, sem ólöglega er innfluttur til landsins, samkvæmt 1. gr., skal upptækur ger og andvirðið renna til einkasölnunnar.

11. gr.

Með mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara sem almenn lög-
reglumál.

12. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. maí 1935.

Fjármálaráðuneytið, 26. apríl 1935.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

REGLUR

41

um fjörefnablöndun smjörlikis.

27. apríl

1. gr.

Allt smjörliki, sem framleitt er hér á landi, skal blanda með A- og D-fjörefnum á þann hátt, sem fyrir er mælt í reglum þessum, og ekki öðrum fjörefnum né á annan hátt.

2. gr.

Í hverju grammi smjörlikis skulu vera 15 alþjóðaeiningar af A-fjörefni og 1 alþjóðaeining af D-fjörefni og er miðað við samþykkt nefndar Þjóðabandalagsins á fundi í Lundúnum 1931 um fjörefnaeiningar.

3. gr.

Rannsóknastofa Háskólans framleiðir sjálf eða annast kaup á A- og D-fjörefnum til fjörefnablöndunar smjörlikis hér á landi, gerir allar nauðsynlegar rannsóknir til að ákveða styrkleika þeirra, setur þau saman í hæfilega blöndu til notkunar, og ber ábyrgð á styrkleika fjörefnanna í blöndunni og réttum hlutföllum.

4. gr.

Smjörlikisframleiðendur hér á landi skulu afla sér til framleiðslu sinnar fjörefnablöndu þeirrar, sem um getur í 3. gr., hjá Rannsóknarstofu Háskólans og ekki annarsstaðar, enda er þeim skylt að haga fjörefnablöndun smjörlikis síns að öllu leyti eftir fyrirsögn Rannsóknastofunnar.

41

27. apríl

5. gr.

Rannsóknarstofa Háskólans selur fjörefnablöndu þá, sem um getur í 3. og 4. gr., við því verði, að hún sé skaðlaus af, fyrst um sinn á 5 auru í hvert kílógram smjörlikis, og má ekki hækka verðið nema með samþykki atvinnumálaráðherra.

6. gr.

Rannsóknastofa Háskólans skal senda eftirlitsmanni smjörlikisgerða skýrslur yfir fjörefnablöndukaup hvers smjörlikisframleiðanda jafnóðum og kaupin fara fram, enda er eftirlitsmanninum sérstaklega skylt að vaka yfir því, að farið sé eftir ákvæðum þeim, sem sett eru í reglum þessum.

7. gr.

Brot gegn reglum þessum varða sektum frá 100—5000 krónum, nema þyngri hegning liggi við samkvæmt öðrum lögum.

8. gr.

Reglur þessar ganga í gildi 1. maí 1935.

Reglur þessar eru hér með settar samkvæmt lögum nr. 61, 28. janúar 1935, sbr. lög nr. 32, 19. júní 1933, um tilbúning og verzlun með smjörliki o. fl., og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. apríl 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

42

4. maí

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir styrktarsjóð til Svíþjóðarferða.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Styrktarsjóður til Svíþjóðarferða“. Stofnfé hans er kr. 5673.00, sem gefnar eru af sænskum manni, sem ekki vill láta nafns síns getið, til eflingar menningarsambandi Íslands og Svíþjóðar.

2. gr.

Úr sjóðnum má árlega veita styrki, sem nema þrem fjórðu hlutum árs-vaxtanna. Styrkjum má í fyrsta sinni úthluta á árinu 1935.